

Dalalæðan

1. tbl. 31. árg. 16. janúar 2018



GETUR EKKI HELVÍTIS KÖTTURINN LÁTID REFINN Í FRÍÐI?

Ljósmynd: Svala Valborg Fannarsdóttir

AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í Reykjadal
fimmtudaginn 22. febrúar klukkan 20:00

Dagskrá:

- ✓ Ársskýrsla stjórnar.
- ✓ Reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- ✓ Kosning stjórnar og endurskoðanda.
- ✓ Lagabreytingar.
- ✓ Önnur mál.

Fjölmenum! - Stjórn Víghóls

LEIÐARI

- Dalalæðan í 31 ár



Allir íbúar Dalsins eru búnir að fá upp í kok af hinna óslitnu bílalest, þessu gegnumstreymi, sem er upphafið af Gullna hringnum. Á borðinu er nýtt deiliskipulag fyrir Þingvallaveg sem gengur í gegn um dalinn.

Það skipulag var hugsað út frá hraðakstri, en í millitiðinni er massinn af bílum sem ekur hér í gegn allt árið og allan sólarhringinn orðinn óþolandi. Ekki bætir úr skák að aðstreymið er að aukast, með uppbyggingu Kjósaskarðsvegur og Uxa-hryggjavegar.

Dalbúafélagið Víghóll kostaði útfærslu að tillögu um að létta á umferðinni og byggja upp nýjan 20 km. veg á gamalli leið, sem liggur frá Norðlingaholti að Grafnings-aflleggjara.

Fundað var með embættismönnum í samgönguráðuneytinu og Mosfellsbæ og erindið sent áfram til yfirvalda vegamála. Ekki orð til baka. Þannig gengur það fyrir sig. Sigurður Ingi er nýr ráðherra samgangna, sem býr sjálfur við Gullna hringinn og er auk þess frændi Kela í Túnfæti. Hann ætti að kannast við vandamálin. Nú liggur fyrir að taka stafkarls stíg með

sömu tillögu frá verkfræðistofunni Verkís, í þeirri von að tekið sé mark á því sem íbúarnir hafa fram að færa, eða hvort á að kýla okkur í kútin og láta lýðræðið lönd og leið. Með þetta óhindraða gegnumstreymi eru yfirvöld að skerða lífsgæði okkar, eignir og tækifæri, sem næg eru í dalnum. Hér er gróðursæl sveit í bæ og skammsýnt að hlamma samgöngumannvirkjum ofan á búsældarlegasta hluta bæjarfélagsins, þegar aðrar leiðir eru færar. *****

Ritstjórar senda Bjarka Bjarnasyni þakkir fyrir frumkvæði og 30 ára ritstjórn Dalalæðunnar, - ex nihilo nihil fit.

Dalalæðan

1. tbl. 31. árg. 16. janúar 2018.
Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll Mosfellsdal.
Ritstjórar og ábyrgðarmenn:
Halldór Þorgeirsson og Guðný Halldórsdóttir
Auglýsingastjóri: Jóhannes Þór Hilmarsson.
Forsíðumynd: Svala Valborg Fannarsdóttir
Umbrot & Prentun: ARTPRO Prentþjónusta

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum.
Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

STÓRAFMAELI 2018

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

85 ára
Ólafur Ingimundarson, Hrisbrú, 22. nóvember

80 ára
Erna Tryggvadóttir, Árvangi, 20. júní

70 ára
Einar Jakobsson N-Reykjum. 8. júní
Gerður Jóhannsdóttir, Dalsgarði 30. mars
Reynir Hólm, Víði 28. mars
Örn Kjærnested, Laugabakki 10. nóvember

60 ára
Daði Þór Einarsson, Reykjadal. 7. september
Gísli Jóhannsson, Hveramýri 7. september
Ólafur Rögnvaldsson, Móatúni 5. september
Sif Bjarnadóttir, Mosfelli 2. febrúar
Þóra Sigþórsdóttir, Hvirfli. 7. ágúst
Þórhildur Bjarnadóttir, Hraðastöðum. 28. október

50 ára
Andrés Ólafsson, Hrisbrú. 10. mars
Guðlaug Ágústa Arnardóttir, Laugabakka 19. október
Guðrún Pétursdóttir, Brávöllum 3. desember
Helena Jónsdóttir, Hveramýri 18. júlí
Kjartan Hákonarson, Grund. 19. nóvember
Þórunn Lára Þórarinsdóttir, Laxnesi 13. mars

Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki gæfu og hamingju

Þorrablót Dalbúa
27. janúar 2018 - Í Reykjadal
Happdrætti!
Brak og brestir!
Hljómsveitin Kókos!
Húsið opnar kl 19 - Borðhald hefst kl 20
Miðaverð kr 7700

ATVINNULÍF Í BLÓMA

- Guðný Halldórsdóttir skrifar

Óhætt er að segja að atvinnulífið í Dalnum sé í fullum blóma og nóg um að vera. Ef við byrjum efst í dalnum norðanverðum, er á Selvangi rekið hænsnabú, hestaleigan í Laxnesi, með margar ferðir á dag í öllum veðrum, golfvöllurinn í Bakkakoti verður vinsælli með hverju árinu. Á Hvirfli er leirkeraverkstæði og skrifaðar bækur, í Móatúni eru klipptar kvikmyndir, á Minna-Mosfelli er rekin lúxus bændagisting og fleiri gistimöguleikar á leiðinni. Eina kúabúið í rekstri er á Hrisbrú, sem er eitt fegursta bæjarstæðið í Dalnum.

Sunnan megin í dalnum er safnið á Gljúfrasteini, á Hraðastaðatorfunni er rekinn húsdýragarður, námskeið fyrir upprennandi bændur og gistiðstaða fyrir ferðamenn. Á torfunni er líka rekið vélaverkstæði, á næsta bæ steipt brunnlok fyrir gatnagerð, rannsóknarsetur laxfiska byggði hús yfir reksturinn í sumar og minkabú er í Helgadal. Gróðrastöð með eðaltómötum og alvöru salati í Brennholti og tjágróðrastöð í Grásteinum. Söngur heyrir úr tveimur húsum.

Dalsgarður er einn af stærstu rósaframleiðendum landsins, svo ekki sé minnst ógrátandi á túlípanana, en þar eru þeir stærstir. Í Mosskógum er trjásala og grænmetismarkaður á sumrin, einnig tjald- og húsbílasvæði og ef gestir eru kulsæknir, tjalda þeir inn í gróðurhúsi.



Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra reka sumarbúðir fyrir börn í Reykjadal, en á næsta afleggjara er Hlaðgerðarkot, afvötnunarheimili Samhjalpar. Á Suðurá er blómaskreytingaverkstæði og stór salur undir gleri, leigður út fyrir samkvæmi og skemmtanir. Gallerí Voff er í gömlu Reykjahlíðinni, þar sem ofvirkum hundum og eigendum þeirra er leiðbeint. Á Laugarbóli er gróðrarstöð og í Skammadal eru gömlu kartöflukofarnir nú seldir sem sumarhús og er fútt þar allan ársins hring. Á Dalsá er ræktunar- og fræðslusetur fyrir lífræna ræktun.



Kulsæknir fá að tjalda inni.

Ekki er þetta tæmandi listi, en von okkar Dalbúa allra, er að atvinnustarfsemi og mannlíf fái að blómstra hér áfram og að ekki verði malbikað yfir okkur með tilheyrandi hringtorgum, aðreinum og slaufum.

- G.H.

VARÐVEISLA GAGNA

Nýverið kom Víghóll öllum gögnum félagsins, þar með talið fundargerðabókum, Dalalæðum og margskonar gögnum, til varðveislu á Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. Þar tók Birna Mjöll Sigurðardóttir vel á móti okkur og mun sjá til þess að okkar gögn og saga muni varðveitast til frambúðar.



En það er margt um manninn á grænmetismarkaðnum.

Ferðapjónustan og bókaútgáfan

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími 820-0320
Netfang: bjarnasonbjarki@gmail.com

Bjarki Bjarnason

Mosblikk ehf
Öll almenn blikksmíði
sími 894 1236

GNÁ ehf. Viðhald og sprautun innréttinga. Garðar Hreinsson, sími 894 7200



Kjarnagluggar

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamóa 9 | s: 893 6001
kjarnagluggar@kjarnagluggar.is | kjarnagluggar.is

**MUNIÐ AÐ GEFA
SMÁFUGLUNUM**

**Grænmetismarkaður
Tjaldstæði**



MOSSKÓGAR
Sími 663 6173

**Hrossaræktunarbúið
ÓLAFSHAGI**
...á horninu

HJÁLMAKLETTUR EGILS

- Halldór Þorgeirsson skrifar


„Ég er farinn að halda að silfrið finnist aldrei eða einhver er búin að finna það“ var haft eftir gömlum Dalbúa.

Egill Skallagímsson var heygður í Tjaldanesi líklega um 990 A.D.. Eftir kristnitöku, lét bróðirdóttir hans, Þórdís Þórólfsdóttir, reisa stafkirkju þar sem nú er Hrísbú og færa bein Egils úr haugnum og setja undir altarið. Þegar komið var fram á elleftuöld var sú kirkja tekin niður og færð ásamt flestum í kirkjugarðinum, þangað sem kirkjan stendur í dag. Í þessum flutningum fannst ekkert silfur, en bein Egils voru vanhælgð og spottuð.

„En undir altarisstaðnum fundust manna-bein. Þau voru miklu stærri en annarra manna bein, bein Egils. Þar var þá Skafti prestur Þórarinsson, vitur maður. Hann



tók upp hausinn Egils og setti á kirkjugarðinn. Var hausinn undarlega mikill. Hausinn var allur bóróttur utan svo sem hörpuskel. Þá vildi Skafti forvitnast um þykkleik haussins. Tók hann þá handexi vel mikla og reiddi annarri hendi sem harðast og laust hamrinum á hausinn og vildi brjóta en þar sem á kom hvítnaði fyrir en ekki dalaði né sprakk, og má af slíku marka að haus sá mundi ekki auðskaddur fyrir



höggum smámennis meðan svörður og hold fylgdi.“ *Egils saga, kafli 88 - stytt.*

Séra Skafti á Mosfelli var afkomandi Egils (Þorsteinn – Skúli – Helga – Æsa – Skafti), og ekki beint kristilegur í framgöngu. Það er lítið vitað um þennan karl annað en að hann var orðheppinn í eitt skipti og sagði um fébætur fyrir fingermissi Hafliða Mássonar: „Dýrr myndi Hafliði allr, ef svá skildi hverr limr“. Sennilegast hefur hann leitað um allt að silfrinu og verið súr vegna þess að forfaðir hans, Egill, fól sjóðinn vel.

Sveitarfélagsmerki Mosfellsbæjar, sem Kristín (systir Salóme) Þorkelsdóttir hannaði, er spunnið upp úr tákni á enskum silfurpeningi frá tíunduöld. Við erum minnt á silfur Egils á hverjum degi og verðum það vonandi um alla eilífð.

- H.Þ.

DALAKOFINN RISINN Á NÝ



Það er sjaldgæft að sumarbústaðir séu endurnýjaðir hér í dal. Mörgum hefur verið breytt í heilsárshús, aðrir brenndir eða látnir grotta niður. Svo er ekki með Dalakofann, fyrir sunnan Laxnes, sumarbústað Páls Ammendrup. Eftir margra ára þref um endurbyggingu, kom loks grænt ljós og nýr kominn á gamla grunninn. Það var afi Páls, hinn danski Poul Ammendrup, sem bjó til lítinn hallargarð í kringum sumarbústaðinn sinn með Maríu konu sinni fyrir nær 75 árum. Hann beitti sér fyrir því að fá heitt vatn leitt í dalinn, byggði gróðurhús, setti stytur og gosbrunna, fótboltavöll og ræktaði blóm, jarðaber og gróðursetti öll trén, sem nú eru á áttræðisaldri. Tage Ammendrup, sonur hans, tók við af honum og þegar húmaði síðsumars, setti hann upp mislitar perur skýldum afskornum Þvolbrúsum á trén, hringinn í kringum garðinn. Fyrir okkur afdala-börnin var þarna komið Tívoli sjálft og því óþarfi að sigla til Köben með Gullfossi.



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

**Örugg og góð
þjónusta**

**Sími: 586 8080
www.fastmos.is**



SAGA RÁÐSMANNS Í LAXNESI

- Guðmundur Hreinsson Fyrirverandi ráðsmaður...já og núverandi dalbúi

Upphafið af kynnum mínum af Laxnesi og Mosfellsdalnum má rekja til þess að þegar ég var þrettán ára gutti, hafði ég mikinn áhuga á dúfum eins og margir jafnaldrar mínir. Það voru farnar nokkrar pílgrímaferðir til Ómars í Mosfellsdalinn að skoða og kaupa dúfur en hann var í hugum okkar strákanna í Mosfellssveit sá sem vissi mest um dúfur og átti flottustu dúfurnar. Einnig var Andrés á Hrísrú sá sem var næst flottastur í dúfnabransanum því að dúfnakofinn hans var allt gamla húsið á Hrísrú og dúfurnar hans Andrésar fylltu hvert risa herbergið af fætur öðru.

Ég og Andrés vorum skólabræður og eitt skiptið snemma að vori komum við okkur saman um að ég kæmi ríðandi í dalinn. Ég hafði nefnilega verið í nokkur ár í hálfgerðri sveit á Sjávarhólum á Kjalarnesi hjá gömlum karli sem var kallaður Gunnar glæpur. Ég fór oftast eftir skóla upp á Kjalarnes og hjálpaði karlinum við heyskap og sinna skepnunum. Fyrir greiðasemina þá fékk ég þetta vorið lánaðan hest hjá Gunna glæp, gamlan jarpan klár.

Þegar ég kom á Hrísrú, brá svo við að ekki var hægt hýsa hestinn og benti Óli á Hrísrú mér á að fara upp í Laxnes því hann taldi að Póri í Laxnesi gæti hýst hestinn yfir nótt. Ég reið upp bakkanna og kom að Laxnesi seinni part dags. Póri taldi að það væri nú lítið mál og gekk ég frá hestinum á góðum bás þar.

Daginn eftir þá skutlaði pabbi mér upp í Laxnes og þegar ég kom í hlað þá var margt um manninn á hlaðinu. Það voru komnir túrhestar og voru það



hermenn ofan af Velli með eiginkonum og börnum. Mikið gekk á og sá ég að Póri stýrði atburðarrásinni með öruggum hætti. Það þurfti að leggja á hestanna en áður en það var gert þá þurfti að járna nokkrar lappir undir hverjum hesti en Póri gerði það sjálfur og sýndist mér járnungar vera með svipuðum hætti og hjá Gunna gamla glæp eða eilítið tálgað og fjórar fjaðrir settar í hverja skeifu.

Undir eins og búíð var að járna og leggja á og allir túrhestarnir komnir á bak þá rann upp fyrir Póra að kannski væru ekki nógu margir í eftirreið og vatt hann sér upp að mér og spurði hvort ég væri ekki tilbúin að ríða á gamla Jarp eftir hópnum svona fyrstu metranna allavega. Mér fannst þetta spennandi og samþykkti þetta enda fannst mér ég verða gjalda fyrir greiðann að hýsa gamla Jarp.

Hópurinn fór rólega af stað og var riðið upp á Helgadalssveg og var ég aftastur í eftirreið. Mér til skelfingar þá sá ég að aftarlega í hópnum var amerísk eiginkona með þann stærsta rass sem ég hafði nokkurn tímann augum litið og átti í einhverjum vandræðum með ballansinn eftir því sem ferðin jókst. Hún var alltaf að síga meira og meira á aðra hliðina. Ég tók þá ákvörðun að ríða upp að henni og reyna að vippa frúnni í rétta stöðu og svona gekk þetta út allan Helgadalssveg þar sem ég reið við hliðina á frú Texas og vippaði henni reglulega í rétta stöðu. Póri keyrði á eftir okkur og fylgdist greinilega með aðförunum með mikilli athygli. Ferðin gekk ágætlega og þegar komið var til baka í Laxnes og búíð var að kveðja hervallarfólkið þá hugðist ég halda á Kjalarnesið aftur en þá vatt Póri sér upp að mér og spurði glaðlegur. „þarftu nokkuð að fara alveg strax upp á Kjalarnes?“



Má segja að eftir þetta var ekki aftur snúið og átti ég fram undan þau bestu ár sem ég hef upplifað! Margar sögur gæti ég sagt um veru mína í Laxnesi. Til dæmis eins og þegar Árni Ben (ráðsmaður) kom í Laxnes með annað eyrað hangandi á blápræði eftir að hafa hoppað fram á sviðinu hjá bróður sínum Einari Ben á tónleikunum Rokk í Reykjavík og enginn greip hann. Dísu þurfti að bruna með hann upp á slysó og láta tjasla eyranu aftur á hann. Eða þegar unglingsveikin var að drepa mig og ég varð mjög ósáttur við foreldra mína, þakkaði niður í ferðatösku og fór að heiman og ákvað að flytja í Laxnes.

Póri og Heiða tóku við mér og fékk strax herbergi í ráðsmannshúsinu. Póri spurði einskis og var framkoma hans og Heiðu eins og draumur í dós óstýrláta unglingsins, eða að þau spurðu einskis og létu mig í friði. Seinna frétti ég að mamma og pabbi voru í sambandi við Póra daglega til að vita hvað væri að fréttu af afkvæminu.




Þegar ég var 18 ára þá held ég að Póri hafi séð fram á það að ég myndi kannski aldrei fara frá Laxnesi því ég hafði hreiðrað svo vel um mig í ráðsmannshúsinu og ég hafði allt sem þurfti. Eða öruggt húsaskjól, hesta og dollara í tipps. Þannig að hann hafði samband við Stjána snikk í Víði og bað hann um að taka drenginn í læri í húsasmíði.

Á þessu má sjá með hversu afgerandi hætti Póri og Heiða höfðu áhrif á mitt líf og á það sem ég tók mér fyrir hendur seinna á lífsleiðinni. Að mörgu leiti held ég að Póri og Heiða hafi rekið hestaleiguna að Laxnesi einmitt með sama hætti og þau tóku á móti mér: með væntumþykju og æðruleysi og að fólkið sem þeim finnst vænt um skiptir mestu máli. Fyrirtæki verða aldrei annað en fólkið sem rekur það!

Innilega til hamingju með 50 ára afmælið Póri og Heiða... Já og Haukur, Tóta og Dísu

Guðmundur Hreinsson
Fyrirverandi ráðsmaður...
...já og núverandi Dalbúi

SVIPMYNDIR ÚR LÍFI OG STARFI DALBÚA ÁRIÐ 2017



*Húsdýragarðurinn á Hraðastöðum.
Sara á leið í gegningar.*



Rósabændur í kaffi.



Leirkerasmiðurim, Þóra á Hvirfli, við starf.



Jólaball í Reykjadal 2017.



Júli blómaskreytir á Sudurá.



*Einum kennt öðrum bent. Nonni í
Mosskógum að miðla.*



Ásta Dóra í Reykjahlíð að viðra bústofninn.




Jólaball í Reykjadal 2017.



Hlynur járn- og plötusmiður á Hraðastöðum.



Jóhanna fæðir appelsínur á Dalsá.




*Smalar og rollur rekin yfir Köldukvísl.
Hvor hópurinn er fjölmennari?*



Jólaball í Reykjadal 2017.

AUMINGJA SELJABREKKA

- Guðný Halldórsdóttir skrifar



Hún man fífil sinn fegurri. Einu sinni hét hún Jónssel, sem Jónselslækur heitir eftir og Jónstótt nefnd eftir. Jónssel varð nýbýli um 1930 fékk og nafnið Seljabrekka. Þar bjuggu lengst af Guðmundur bókhneigði Þorláksson og kona hans Bjarnveig. Þau voru barnmörg og yndisleg hjón, sem tóku að sér vegalaus börn og sjúklinga. Þar var tekið á móti öllum með hlýhug og alltaf mikið um að vera.

Síðasti ábúandi í Seljabrekku var Ernir Snorrason, skjólstaðingur þeirra og lækni. Reif hann gamla bæinn og byggði nýjan, ásamt reiðhöll og ætlaði sér stóra hluti, þegar krabbameinið tók hann inn í eilífðina árið 2012.

Á leið minni upp á heiði í fyrra kom Seljabrekkuskiltið fljúgandi á móti mér. Í skurðinum við veginn, sátu tveir örvinglaðir ferðamenn, höfðu ekið niður þetta rammgerða skilti og eyðilaggt bílinn. Þeir þáðu ekki aðstoð, en ég vorkenndi skiltinu og tók það heim, þar sem það var rétt, nuddað og fægt.



Seljabrekka

Eftir að hafa heyrt að Seljabrekka væri seld, skilaði ég skiltinu á afleggjarann. Þar er núna hálf sorglegt um að litast, en skiltið komið á sinn stað. Vonandi að draumar þeirra Guðmundar í Seljabrekku og Erniss nái fram að ganga og að mannsbragð verði þar að nýju, en ekki eldi að bráð líkt og Stardalur.

- G.H.

Dalalæðan

Þorrablot Dalbúa

27. janúar 2018

Í Reykjadal

Happdrætti! Brak og brestir!
Hljómsveitin Kókos tryllir lýðinn!

Húsið opnar kl. 19:00

Borðhald hefst kl. 20:00

Miðaverð kr. 7700

Gandur ehf.


Öll almenn járnsmíði
og vélaviðgerðir

Sími 696 8523

TIL SÖLU - RENAULT SENDIBIFREIÐ



Árg. 2007, Beinskiptur, ekinn 413 þús.km.
Youl Brinner dekk. Bíll í sérflokki, aðeins 7
eigendur. Verð 11 kr. Skipti möguleg.
Er á Ásunum. Fyrstur kemur, fyrstur fær!



GK
VIÐGERÐIR

566 6257
Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

EINUSINNI VERÐUR ALLT FYRST

- Úr Morgunblaðinu 14. september 1915



Viða liggja vegamót og ókunnuga stigu kannar í ár margur maðurinn og verður mörgum að horfa á margt og hlusta eftir ýmsu, sem nú gerist á þessari miklu öld. Svo fór okkur í dag, sem búum hér inn í milli fellanna í Mosfellsdalnum, er við sáum og heyrðum bíl renna hér inn eyrar- nar og yfir vöðin hvað eftir annað, eins og bát í góðum byr. Það var nýlunda, en verður ekki í síðasta sinni. Ísinn braut dýralæknirinn okkar með frú og börn og fólk í berjaheiði, hér innum er krökt af ber- jum, bláberjum, krökiberjum og nokkuð af hrútaberjum, og bíllinn rann inn undir Laxnes og þar er talsímastöð og beztu bær, eins og oft er sagt í daglegu tali og allir vita hvað í felst.

Styttir það æði fór ferðamanna á Þingvelli og frá að fara hér um, sýnist hálfnað á Mosfelli, sjón- hending eftir Thoroddsens korti, en munar þrem fjórðu stundar um venjulega leið „um þura og vatns- lausa staði“, að sveitarbaki. Það var óheppilega fundin leið til hins sagnauðga staðar, sem Reykvíking- ar og ferðamenn sækja mjög. Farið er af þjóðveginum norðvestan- halt undan Helgafelli, inn Ása og eyrar, og tekur þá við fjallvegur um Bringur, er aka má eftir, og kemur maður þá á heiðarveginn norðanhalt undan Borgarhólum, og er fagurt útsýni nær manni og fjær. Vel sé brautryðjendunum, en batna þurfa vegir síðar!



M. Þ. (sr. Magnús Þorsteinsson á Mosfelli)


- ✓ www.artpro.is
- ✓ artpro@artpro.is
- ✓ Sími: 520 3200
- ✓ Bíldshöfði 14, 110 Reykjavík

ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA

**PRENTUN
FYRIR
ÞIG**

VEIÐIHORN GUÐNA

Guðni Bjarnason á Hraðastöðum



Þessi blikkaði Guðna og er orðinn heimarebbi.

„Magnað refaár“, segir Guðni Bjarnason á Hraðastöðum um árið sem leið.

Yfirleitt eru unnin 3-5 greni á hverju ári, en nú ber svo við, að þau voru níu talsins, flest á kunnugum slóðum í Úlfarsfelli, Reykjafelli, Helgadal og Mosfelli. Alls voru 66 refir unnir, 32 yrðlingar og 34 hlaupa- dýr, sem er met á okkar slóðum, a.m.k. fara ekki sögur um fleiri greni.

Um fjögur hundruð sílamávar voru skot- nir á síðasta ári og segir Guðni að varp þeirra sé að niðurlotum komið, sem að einhverju leyti má einnig þakka rebba. Aðeins 58 minkar voru veiddir, sem er með minnsta móti, en sýnir að það er búið að hefta fjölgun.

Rjúpnastofninn hefur vaxið mikið, að sögn Guðna og ástandið líkt því sem var fyrir þremur áratugum. Nú má ekki sof- na á verðinum. Það verður að halda utan um rándýrin, ef við viljum njóta söng- og mófuglanna, sem og systur fálkans, rjúp- unnar. Náttúruvernd verður að snúast um jafnvægi.

Gakktu í bæinn

Fasteignasalan BÆR opnar fyrir þér dyrnar að fasteignamarkaðnum



Guðbergur Guðbergsson,
löggitur fasteignasali

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
Kópavogi og Selfossi



HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3

www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

Þorablót Dalbúa 2017



TIL MINNINGAR UM

ARNAR JÓNSSON ASPAR, ÆSUSTÖÐUM

f. 26.03.1978 - d. 7.06.2017



Arnar Jónsson Aspar fæddist í Reykjavík 26. mars 1978. Hann lést við heimili sitt að Æsustöðum í Mosfellsdal 7. júní 2017. Foreldrar Arnars eru Jón B. Aspar og Unnur Hermannsdóttir. Systkini Arnars eru Auður Jónsdóttir, f. 1964, og Hermann Haukur Aspar, f. 1967. Arnar lætur eftir sig tvö börn, Emelíu Sól Arnarsdóttur Aspar, f. 2002, sem hann á með fyrri sambýliskonu sinni, Rakel Búadóttur og Örnú Mist Arnarsdóttur Aspar, f. maí 2017, sem hann á með unnustu sinni Heiðdís Helgu Aðalsteinsdóttur, f. 1988.

Eftir að Arnar lauk námi við Borgarholtsskólann í Reykjavík sem stuðningsfulltrúi og félagsliði hóf hann nám bæði við Kennaraháskóla Íslands og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hann lauk námi frá Kennaraháskólanum árið 2010 sem þroskaþjálfari og þriggja ára námi reiðmanns lauk hann frá Landbúnaðarháskólanum árið 2010. Arnar vann bæði sem stuðningsfulltrúi og þroskaþjálfari á vegum Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar.

Arnar lagði mikið kapp á golfþróttina og hestamennsku á sínum yngri árum. Hestamennskan var svo það sem átti hug hans sl. ár. Hjá Hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ starfaði hann í æskulýðsnefnd frá 2010-2016. Þar vann hann í sjálfboðavinnu með unglíngum og fötluðum einstaklingum í tengslum við hestamennsku.

Arnar Jónsson Aspar var á besta aldri þegar ótrúlegar kringumstæður urðu honum að falli. Ég kynntist Arnari fyrir nokkrum árum, en Katrín vinkona mín hafði þekkt hann frá blautu barnsbeini, enda systursonur hennar,

en þær systur voru nákomnar. Það er ekki þægileg tilfinning fyrir nána ættingja að skilin verði með þessum hætti.

Þessi ungi maður undi vel við sinn hlut, hestamennska og tamningar áttu hug hans allan, en hann var líka tryggur fjölskyldumaður. Arnar var vel á sig kominn, enda íþróttamaður af guðs náð. Þessi ungi maður á besta aldri er fallinn frá og er þar skarð fyrir skildi. Allir möguleikar blöstu við honum í lífinu.

Við Katrín viljum votta sambýliskonunni, nýfædda barninu, dóttur Arnars og fyrri sambýliskonu ásamt foreldrum og systkinum innilegustu samúð.

Jón og Katrín Hermannsdóttir

Þökkum Dalbúum innilega fyrir kærleik og hlýju vegna andláts okkar elskulega sonar og föður.

Fjölskyldan á Æsustöðum

TIL MINNINGAR UM

MAGNÚS JÓHANNSSON, HRAÐASTÖÐUM

f. 19.06.1941 - d. 10.11.2017



Magnús Jóhannsson fæddist á Siglufirði 19. júní árið 1941, en ólst upp í Ólafsvík. Hann var sonur hjónanna Jennýjar Magnúsdóttur og Jóhanns Þorgilssonar. Þau voru bæði frá Ólafsvík. Magnús var elstur fimm systkina. Hann kvæntist Lovísu Ólöfu Guðmundsdóttur 1960, en þau fluttu í Mosfellsdal 1981. Börn þeirra eru: Guðmundur fæddur 1962, bóndi í Káraneskoti í Kjós. Jenný, ráðgjafi, fædd 1965 og Benedikt Sævar, tæknifræðingur, fæddur 1971.

Magnús hafði löngum atvinnu af akstri og vélaútgærd. Hann bæði ók fyrir aðra og tók að sér alls konar verk, stór og smá. Víða kom Magnús við sögu. Margar götur og fráveitukerfi á suðvesturhorninu eru hans verk. En Magnús var meira en bílstjóri og vélamaður. Hann var stöðugt með augun opin fyrir nýjum möguleikum. Hann þorði að skoða tækifæri sem gáfust. Þau Lovísa stofnuðu rekstur um það sem þeim þótti fýsilegt. Magnús notaði þekkingu á vélum og kunnáttu við vélabreytingar til að þróa vélar, sem hann þurfti við smíðjur sem þau settu á fót.

Þar sem fjölskyldan átti oftast hesta gerði Magnús sér góða grein fyrir skeifum og notkun þeirra. Hann fékk hugmynd um kaldsmíðaðar skeifur og kom þeim í framleiðslu. Skeifurnar voru mikið notaðar vegna endingar. Þau seldu verksmiðjuna. Þá stofnuðu og ráku þau hjón hellusteypu og notuðu vikur til gerðar á milliveggjahellum. Verksmiðjan var flutt í Gnúpverjahrepp og síðan seld. Fyrirtækið um brunnlokin var svo það síðasta sem þau Magnús stofnuðu.

sr. Sigurður Árni Þórðarson (stytt H.Þ.)

FRJÁLS FRAMLÖG

Þeir sem vilja styrkja Víghól og útgáfu Dalalæðunnar geta greitt inn á reikning félagsins 315-26-6411 Kennitala: 641198-2779

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal

PÓSTLISTI VÍGHÓLS

Stjórn Víghóls hefur í hyggju að koma upp póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar og fréttir úr starfi félagsins.

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vighols1@gmail.com

NÚ RÍKIR KYRRÐ Í RÖNGUM DAL


- Halldór Þorgeirsson skrifar

Einhvern tímann var manni kennt að rétt skuli vera rétt, nema annað komi í ljós. Sú mýta hefur gengið í áraraddir, að kvæðið „Nótt” eða „Nú ríkir kyrrð í djúpum dal” sé ort um Helgadal eða Mosfellsdal. Það er rangt. Magnús Gíslason, sá sem orti kvæðið bjó í Helgadal til 2 ára aldurs, en flutti þá með fjölskyldu sinni austur í Grafning.

Á unglingsárum sínum var hann póstur í Grímsnesi og Grafningi og orti kvæðið „Nú ríkir kyrrð” aðeins 18 ára um Kýrdal í Henglinum. Hann er djúpur og fagur.

Á síðari árum varð hann fyrsti blaðaljósmyndari á Íslandi, en honum var margt til lista lagt. Hann sagði tengdaforeldrum mínum í Gljúfra- steini sjálfur frá hvaðan kveikjan að „Nótt” kom og skal það nú skjalfest. Þó kvæðið sé tyrfið og margur söngmaðurinn gefist upp eftir fyrstu línu og tralli restina, er „Nótt” orðin vinsælasti „sálmur” sem sunginn er við jarðarfarir í dag og er jafn góður þó hann fjalli um Kýrdal.

- H.Þ.



Hengill



Hlaðin brenna 2017



Dýralæknirinn Mosfellsbæ
Þverholti 2, Kjarna
Símar: 566-5066 og 6600-633

KIRKJAN VÍGÐ

Kirkjuritið - 5.tbl. 31. árg. 1965



Mosfellskirkja í Mosfellsveit var vígð 4. apríl 1965. Þar var kirkja ofan tekin skömmu fyrir aldamótin síðustu og sóknin sameinuð annarri, Gufunessókn, og kirkja reist fyrir báðar að Lágafelli. Bændur í Mosfellsdal börmuðu mjög missi kirkju sinnar og undu honum illa en máttu eigi um breyta. Komust þeir ekki lengra en að nema undan kirkjuklukku eina og kaleikinn og var hvort tveggja geymt á bæjum í sveitinni og látið bíða annars tíma. Þá gerðist það eitt haust að umkomulaus drengur villtist inn í sveitina og þeim að næsta bæ við Mosfell, Hrísrú, en þar var klukkan fólgin. Hann hlaut skjól á þeim bæ til frambúðar, gerðist með aldri hinn merkasti maður og efnadist allvel. Þegar hann féll frá fyrir sex árum kom það í ljós, að hann hafði kveðið svo á í erfðaskrá, að mestum hluta eigna hans skyldi varið til kirkjugjörðar að Mosfelli.

Nú er sú kirkja risin, vönduð og vegleg, óbrot-gjarn varði góðs drengs, Stefáns Þorlákssonar, og saga hennar meðal hinna fegurstu ævintýra.

Kirkjuritið - 5. tbl. 31. árg. 1965

Minna-Mosfell Guesthouse

Recommended on tripadvisor

Minna-Mosfell Guesthouse | 271 Mosfellsbær | Iceland
Phone: (+354) 669 03 66 | www.minnamosfell.net

Dalsgarður
- við gerum rósir

Blómasala alla daga
kl. 9.00-13.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland
Sími/tel: +354 566 7490
Fax: +354 566 7610
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is

Vinnustofa Þóru á Hvirfli
er opin eftir samkomulagi.
Sími 820 0321

Gislason
VIÐGERÐIR EHF.
Völuteigi 25
587 2060

ANNÁLL ÁRSINS 2017

- Guðbergur Guðbergsson, formaður Víghóls



Stjórn Víghóls kom að ýmsum málum á árinu 2017. Ljósnetið kom í dalinn 2016 sem var frábært, en betur má ef duga skal og höfum við verið að vinna í að fá ljósleiðaratengingar, sem er nútíminn.

Vegamál

Samkomulag var gert við Mosfellsbæ og kirkjunefndina um að færa fyrra hring-

torgið aftur að fyrri staðsetningu sem er mitt á milli Reykjahlíðavegar og Æsu-staðavegar. Samkvæmt áætlun vegamála eru þessar framkvæmdir á áætlun 2019-2021.

Stjórnin hefur stutt við bakið á Dunu, Júlí og Finni, sem hafa fyrir hönd okkar barist fyrir nýjum Þingvallavegi á gamla vegstæðinu til að minnka umferð í Dalnum okkar.

Pökkum fyrir samstarfið á árinu og hlökkum til að hitta ykkur á aðalfundinum í byrjun Góu.

*Fyrir hönd stjórnar Víghóls,
Guðbergur Guðbergsson*

Íslenskur kalkúnn

gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is



Holda
KALKÚNN

